

AUGLÝSING

um ógildingu frímerkja.

147

1. nóv.

Hinn 1. jan. 1947 falla úr gildi þessi íslensk frímerki:

I. Yfirprentuð frímerki.

5 aur. alm.	Yfirprentuð	1922 á	16 aur. alm.	Chr. IX. og Fr. VIII.
5 — —	—	1922 -	16 — —	Chr. IX.
5 — —	—	1939 -	35 — —	Matthías Jochumss.
10 — —	—	1922 -	5 — —	Chr. X.
10 — flugfrím.	—	1928 -	10 — —	Chr. X.
20 — alm.	—	1921 -	25 — —	Chr. IX.
20 — —	—	1922 -	25 — —	Chr. IX. og Fr. VIII.
20 — —	—	1922 -	40 — —	Chr. IX. og Fr. VIII.
20 — —	—	1922 -	40 — —	Chr. IX.
25 — —	—	1941 -	3 — —	Matthías Jochumss.
30 — —	—	1925 -	50 — —	Chr. IX.
50 — —	—	1925 -	5 kr. —	Chr. IX.
50 — flugfrím.	—	1929 -	50 aur. —	Chr. IX. og Fr. VIII.
1 kr. alm.	—	1926 -	40 — —	Chr. X.
2 — —	—	1926 -	25 — —	J. Sigurðsson.
10 — —	—	1924 -	1 kr. —	Fr. VIII.
10 — —	—	1925 -	50 aur. —	Fr. VIII.
10 aur. alm.	Yfirprentuð	1929 á	2 kr. alm.	Chr. IX.
10 — —	—	1930 -	5 — —	Chr. IX. og Fr. VIII.
1 kr. flugfrím.	—	1933	(Hópflug Ítala)	
5 — —	—	1933	—	
10 — —	—	1933	—	
7 aur. þjón.	—	1936 á	7 aur. alm.	Chr. X.
10 — —	—	1936 -	10 — —	Chr. X.
20 — —	—	1923 -	10 — —	Chr. X.
50 — —	—	1936 -	50 — —	Chr. IX. og Fr. VIII.
2 kr. —	—	1922 -	2 kr. —	Fr. VIII.
5 — —	—	1922 -	5 — —	Fr. VIII.

II. Önnur frímerki.

- 1 eyr., 3, 4, 5, 6, 7, 8, 10, 15, 20, 25, 30, 40, 50 aur., 1, 2, 5, 10 króna almenn frímerki með mynd Chr. X, útgefin á árunum 1920—1934.
- 3, 4, 5, 10, 15, 20, 50 aur., 1, 2, 5, króna þjónustufrímerki með mynd Chr. X, útgefin á árunum 1920—1934.
- 7, 10, 20, 35, 50 aura alm. frímerki með landslagsmyndum, útg. 1925.
- 10 aura alm. frímerki með mynd af íslenska fánanum, útg. 1939.
- 10, 20, 25, 50 aur., 1 og 2 króna flugfrímerki, útg. 1934.
- 10 aura alm. með mynd af Dynjandafossi og 1 krónu alm. með mynd af Heklu, útg. 1935.
- 3, 5, 7, 35 aura með mynd af Matthíasi Jochumssyni, útg. 1935.
- 10, 25, 50 aura, 1, 5 og 10 króna almenn frímerki með mynd af Jóni Sigurðssyni, útg. 1944.

147 Frímerkjum þessum má skipta á pósthúsunum gegn öðrum gildandi frímerkjum, 1. nóv. um, án frádráttar, til 31. jan. 1947.

Póst- og simamálastjórnin, 1. nóvember 1946.

Guðmundur Hlíðdal.

E. Sandholt.

148
4. nóv.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. Raforka.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- Um kwst. mæli á kr. 1.00 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- Um kwst. mæli á 35 au. hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á ári á m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Þar, sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósamagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkv. reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á 23 au. hver kwst., af fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð, sem er	1 herbergi og eldhús,	1200 kwst. á ári
- — — — 2	— — — —	1500 — - —
- — — — 3	— — — —	1800 — - —
- — — — 4	— — — —	2000 — - —
- — — — 5	— — — —	2200 — - —
- — — — 6	— — — —	2300 — - —
- — — — 7	— — — —	2400 — - —

Notkun umfram þetta greiðist með 16 au. hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 2.50 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

- Um kwst. mæli á 60 au. hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
- Um kwst. mæli á 40 aura hver kwst. á vatnsdælur til heimilisnota. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.
- Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 20 kw.,

um kwst. mæli á 16 au. hver kwst. fyrstu	50 þúsund kwst.
— — — — 14 — — — —	næstu 50 — —
— — — — 12 — — — —	50 — —

Notkun, sem er umfram 150 þúsund kwst. á ári greiðist með 10 au. hver kwst., enda áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi, og 1 stund á kvöldi, á tímum mesta álags. 4. nóv. 148

D. Hitun.

1. Um kwst. mæli á 12 au. hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn frá kl. 10.45 til 12.
Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 au. hver kwst.
2. Um kwst. mæli á 4 au. hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 23. Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
 - a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - b. Að klukkurofar séu fánlegir, og að notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigur fyrir þá, samkv. reglum, er gilda um leigu mæla.

II. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. | kr. 1.50 á mánuði. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 Amp. til 200 Amp. | — 7.00 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 Amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. Heimtaugargjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

1. flokkur :

Af húsum þeim og mannvirkjum, sem greitt hafa tengigjald til Rafveitu Keflavíkur fyrir 31. júlí 1945, en fengið hafa heimtaug endurbyggða vegna straum- og spennubreytingarinnar, skal greiða aukatengigjald eins og hér segir:

	Brunabótamat	Tengigjald
Frá	0— 5 000.00 kr.	kr. 100.00
—	5 000.00—10 000.00 —	— 140.00
—	10 000.00—20 000.00 —	— 160.00
—	20 000.00 kr. og yfir	— 180.00

Þar, sem af einhverjum ástæðum þarf að breyta loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug eða endurnýja þarf jarðlínuheimtaug, greiði húseigandi 50% meira fyrir jarðlínuna en loftlínuna samkv. ofangreindum taxta, þó því aðeins, að virgildleiki fari ekki fram úr 3×25 qmm. Sé gildleikinn meiri, eða heimtaugin lengri en 15 m, greiðist það með kostnaðarverði, sem fram yfir er.

2. flokkur :

Af hverju húsi, sem ekki hefur verið greitt heimtaugargjald af fyrir 31. júlí 1945, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: